

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

234. fundur

Föstudaginn 8. janúar 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir formaður, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Kristín Soffía Jónsdóttir sem var í fundarsímanum frá Danmörku. Fundinn sat Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Gjaldskrá
2. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk
3. Starfsáætlun stjórnar 2016
4. Akstursútboðið, staðan
5. Innri endurskoðun

Tekið fyrir:

1. Gjaldskrá

Umræður um gjaldskrármál í framhaldi af umræðu á stjórnarfundi nr. 233. Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra þar sem lagt er til að gjaldskrá verði einfölduð.

Áframhaldandi umræða, stjórnarformanni falið að móta tillögu í samræmi við umræður á fundinum og tekjuáætlun fjárhagsáætlunar.

2. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

Á síðasta stjórnarfundi nr. 233 fékk stjórn afhenta skýrslu framkvæmdastjórnar um akstursþjónustuna ásamt kynningu frá formanni framkvæmdastjórnar Þorkatli Sigurðssyni. Stjórn Strætó þakkar framkvæmdráðinu kærlega fyrir vel unnin störf og ítarlega skýrslu.

Á stjórnarfundi nr. 233 mætti jafnframt Reynir Kristinsson ráðgjafi sem unnið hefur fyrir SSH að tillögum að lækkun kostnaðar og fyrirkomulagi ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Stjórn Strætó fagnar mjög þeirri vinnu sem unnin hefur verið á vettvangi SSH. Er sú vinna til þess fallin að skýra umboð og ábyrgð á þjónustunni. Stjórn hefur ekki athugasemdir við þær hugmyndir sem henni hefur verið kynntar hvað það fyrirkomulag varðar.

3. Starfsáætlun stjórnar

Stjórnarformaður lagði fram drög að starfsáætlun stjórnar fyrir 2016. Samþykktar breytingar að dagsetningum og lagt áherslu á að endurskoðun leiðarkerfis verði í sérstakri verkefnastjórnun og komi reglulega til umfjöllunar á stjórnarfundum á fyrri hluta ársins.

4. Akstursútboðið

Guðmundur Siemsen lögfræðingur hjá Advel, fór yfir þau mál sem Advel er að vinna að fyrir Strætó bs., þar á meðal yfirferð yfir stöðuna sem upp er komin vegna nýrra túlkunar á innheimtu virðisaukaskatts af aðkeyptum akstri Strætó, í tengslum við nýafstaðið akstursútboð.

5. Innri endurskoðun

Sif Einarisdóttir frá Deloitte kynntu vinnuáætlun við innri endurskoðun Strætó næstu þrjú ár.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:15

Fylgiskjöl:

- Starfsáætlun stjórnar 2016

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Einar Birkir Einarsson